



Umsögn

Viðtakandi: Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillaga sviðstjóra um stofnun skóla- og fjölskyldumiðstöðvar fyrir börn á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólaaldri í kjölfar fjölskyldusameiningu fólks frá Palestínu.

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um stofnun stofnun skóla- og fjölskyldumiðstöðvar fyrir börn á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólaaldri í kjölfar fjölskyldusameiningu fólks frá Palestínu. Með tillögunni fylgir kostnaðarmat sviðsins uppá 13,1 m.kr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur telur mikilvægt að koma á fót skóla- og fjölskyldumiðstöð sem skjól fyrir börn við komuna til landsins og fyrstu vikunnar í íslensku samfélagi. Í miðstöðinni er gert ráð fyrir þátttöku foreldrum og hugsanlega annarra ættingjum, jafnvel systkinum sem þegar eru búsett á Íslandi. Þá gætu skjólstæðingar úr öðrum sveitarfélögum komið í þjónustu í miðstöðinni. Því er óljóst hver fjöldinn sem myndi sækja miðstöðina yrði. Skóla- og fjölskyldumiðstöðin er opin virka daga frá kl. 8:30 – 13:00. Hugmyndin er að skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir þennan hóp verði starfrækt fram til 30. júní 2024. Skóla- og fjölskyldumiðstöðin er blíð byrjun inn í almennt skóla- og frístundastarf í Reykjavík.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við kostnaðarmatið, en þrátt fyrir það þá er óljóst hver kostnaður Reykjavíkurborgar verður við verkefnið. Má þá nefna óvissu vegna fjölda þátttakanda ásamt því að óljóst er hvort styrkur verður veittur til verkefnisins frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka í fjárhagsáætlun 2024 og því yrði að skoða breytta forgangsröðun fjárheimilda sviðsins eða leita annarra leiða til að fjármagna verkefnið.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*